

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamlag Þingeyinga-brennsla Víðimóum 3, Húsavík



<b>Dags eftirlits</b>	26.3.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpsamlag Þingeyinga-brennsla	<b>Fulltrúi UST</b>	Valur Klemensson
<b>Heimili</b>	Víðimóum 3	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	7110012470	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hafsteinn Gunnarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.22.0, 38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	574850,759 614909,661

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Alls voru 2 frávík skráð og 3 athugasemdir gerðar. Haldinn var fundur með rekstraraðila og farið yfir nokkur ákvæði starfsleyfis sbr. umfang. Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra sat fundinn. Gerð var skoðun á athafnasvæði stöðvarinnar sem er vel skipulagt og snyrtilegt.

## UMFANG EFTIRLITS

Haldin var fundur með rekstraraðila þar sem sérstaklega var farið yfir eftirfarandi atriði.

Ákvæði 1.6 um stöðvun rekstrar

Ákvæði 2.21 og 2.22 um útblástursmælingar

Ákvæði 2.24 um meðhöndlun úrgangs frá stöðinni.

Ákvæði 3.1. um skráningar

Ákvæði 3.3. um prófun og kvörðun vöktunarbúnaðar

Ákvæði 3.4 um Grænt bókhald

Sorpbrennsla og athafnasvæði var skoðað.

### Frávík frá

Ákvæði 2.24 í starfsleyfi en skv. því skal, ef þarf formeðhöndla og síðan endurnýta ellegar urða ösku o.þ.h. úrgang frá stöðinni. Sjá einnig gr. 24 og 25 í regl. nr. 739/2003

### Lýsing á frávíki

Botn og flugaska er ekki meðhöndluð á viðeigandi hátt. Flugaska er í geymsluskemmu og engin meðhöndlun staðfest. Unnið er að áætlun í samvinnu við sorpbrennslu Suðurnesja. Botnaska er urðuð í Laugardal en skv. útskolunarprófi frá því í júní 2012 er hún ekki tæk á óvirkum urðunarstað. Ofangreint frávík var áður staðfest í okt 2012 og hafði rekstraraðili frest til 5. mars sl. til að senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna þess.

Ákvæði 3.4 í starfsleyfi, en skv. því skal rekstraraðili færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002

Rekstraraðili fellur undir lið 5.1 í fylgiskjali við reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Ekkert grænt bókhald hefur borist fyrir árið 2011.

## ATHUGASEMDIR

Rekstraraðili hefur ákveðið að hætta brennslu frá og með 29.3 2013, starfsleyfi verður þó ekki skilað inn strax. Ekki er til áætlun sbr. ákvæði 1.6 í starfsleyfi. Rekstraraðili mun vinna skv. neyðaráætlun til að byrja með. Umhverfisstofnun óskar eftir að ofangreind áætlun sbr. grein 1.6 í starfsleyfi verði send til Umhverfisstofnunar fyrir 15. maí n.k.

Símælingar sem bárust fyrir fyrri hluta árs 2012 eru fullnægjandi. HCL, TOC og Ryk fara yfir mörk í 2-4% tilvika. Rekstraraðili reynir að stýra HCL og TOC gildum með sóða og virkum kolefnum. Rekstraraðili skal senda niðurstöður símælinga fyrir seinni hluta árs 2012 fyrir 15. maí nk., sem og niðurstöður fyrir fyrstu 3 mánuði ársins 2013.

Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2011 hefur ekki verið skilað. Umhverfisstofnun hefur sent rekstraraðila áform um áminningu vegna þess.


## ANNAÐ

Reglubundnar árlegar mælingar skv. starfsleyfi stóðu yfir í stöðinni þegar eftirlit fór fram. Niðurstöður verða sendar Umhverfisstofnun þegar þær liggja fyrir.

Farið var yfir þær skráningar sem fyrirskrifaðar eru í starfsleyfi. Óskað var eftir gögnum um magn flug- og botnösku sem safnast hafa fyrir hjá rekstraraðila.

Prófun og kvörðun vöktunarbúnaðar fór fram síðast árið 2009 og að hluta til árið 2012. Ef brennslan verður opnuð aftur mun mælibúnaður verða yfirfarinn áður, að sögn rekstraraðila.

Reykjavík, 27.03.2013



Sigríður Kristjánsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.